

# Minnisblað

Til: Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
Frá: Guðmundi Magnúsi Kristjánssyni  
Dags: 19. mars 2021  
Mnr. 2021030030



ÍSAFJARÐARBÆR

**Minnisblað hafnarstjóra:** Vegna bréfs sem tekið var fyrir í bæjarráði 15. mars 2021 – 2021030030, undirritað af Óðni Gestssyni framkvæmdarstjóra Íslandssögu á Suðureyri.

Þar sem ég var í fríi þegar þetta mál kom upp og var rætt í bæjarráði, og hafði þar af leiðandi ekki tök á að mæta í eigin persónu til að svara þeim ásökunum sem á mig eru bornar, bæði mér persónulega og sem embættismaður Ísafjarðarbæjar, svara ég þeim með bréfi þessu.

**Fullyrðing bréfitara:** „Hafnarmál eru almennt í góðu lagi og endurnýjun hefur átt sér stað á aðalhöfninni á Suðureyri, þó finnst okkur sem að embætti Hafnarstjóra hafi hallað máli Súgandafjarðar með vafasamri upplýsingagjöf til Skemmtiferðaskipa sem gjarnan vilja taka land í Súgandafirði.“

**Svar hafnarstjóra:** Það er gott að heyra að bréfitari er ánægður með það sem gert hefur verið í endurnýjun á höfninni á Suðureyri. Það má segja að endurbygging löndunarkants á Suðureyri hafi verið stærsta verkefnið sem hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar hefur unnið að undanfarin ár og tel ég það vera mjög vel heppnaða aðgerð.

Hjá höfnum Ísafjarðarbæjar hefur þessi hafnargerð verið í forgangi og öll áhersla lögð á að standa vel að verki og völdust í þetta vandaðir verktakar sem skiluðu góðu verki. Verktakar hrósuðu sérstaklega samvinnu og samstarfi við útgerð og fiskvinnslu á Suðureyri þar sem óhjákvæmilegt var að hefta aðgengi þeirra að bæði höfn og vinnsluhúsi, enda lagt sérstaklega upp með það við samningagerð að taka bæri sérstakt tillit til aðstæðna.

Suðureyrarhöfn hefur verið í forgangi í uppbyggingu og þar hafa stærstu verkefni hafnarsjóðs frá árinu 2014 til 2020 verið, með heildarkostnað upp undir 200 milljónir. Að halda því fram að Súgfirðingar hafi verið utanveltu í innviðaupbyggingu er því ekki sanngjarnt.

Suðureyri, eins og allir bæjarkjarnar Ísafjarðarbæjar, er að sjálfsögðu kynnt þegar kemur að markaðssetningu vegna móttöku skemmtiferðaskipa inn á svæðið. Hingað til hafa skip komið að bryggju á Þingeyri, Flateyri og á akkerislægi á Suðureyri.

Undirritaður kannast ekki við að Suðureyri sé haldið sérstaklega út undan þegar að því kemur að kynna Ísafjarðarbæ á ráðstefnum erlendis eða innanlands. Við höfum tekið á móti erlendum ferðaskipuleggjendum margra skipafélaga og hefur Suðureyri verið heimsótt og kynnt eins og aðrir staðir. Alloft hefur verið farið í kynningarferðir þangað þar sem þorpið er skoðað. Hvað ásanir um vafasama upplýsingagjöf til skemmtiferðaskipa varðar grunar mig að bréfitari sé að vísa í atvik sem átti sér stað 2019 þegar skemmtiferðaskipið Sea Spirit kom til Suðureyrar. Þó ég geti ekki verið viss um að hann sé að vísa í þetta tiltekna atvik mun ég þó rekja hér atburðarrásina eins og hún horfir við mér.

15. september 2019 kom Sea Spirit til Suðureyrar og fékk þá þjónustu sem óskað var eftir. Skipið hafði reyndar komið í höfn á Ísafirði 10. september eða 5 dögum fyrr. Þegar skipið var í höfn á Ísafirði fékk ég boð frá skipstjóra skipsins þar sem óskað var eftir fundi vegna fyrirhugaðrar komu til Suðureyrar. Skipstjórinn sagðist hafa verið að skoða langtíma veðurspá og litist ekki vel á að vera með Zodiac-báta skipsins í ferðum milli lands og skips.

Hann óskaði eftir því við mig að ég skrifaði honum tölvupóst þar sem sérstaklega væri tiltekin þessi slæma veðurspá og áhyggjur af eðlilegum ferðum milli skips og akkerislægis. Þannig gæti hann skýrt málið betur fyrir ferðadeildinni (excursion department).

Í kjölfar þessa fékk ég símtal frá ferðadeildinni þar sem mér var tjáð að skipið myndi fara á akkeri á Súgandafirði og fá þjónustu þar eins og lagt var upp með í upphafi og hvers vegna sú ákvörðun stæði. Á þessum tímapunkti áttaði ég mig á því að þarna virtust vera uppi einhverjar deilur milli skipstjóra og ferðadeildarinnar og ekki ráðlegt að hafnarstjóri blandaði sér frekar í það.

Ég gekkst við upphaflegri beiðni skipstjórans, sem ég hef þekkt í mörg ár, í góðri trú og taldi mig aðeins vera að aðstoða gamlan vin að taka ákvörðun, þar sem hann var þegar búinn að lýsa fyrir mér áhyggjum sínum.

**Fullyrðing bréfitara:** „Þá hefur embætti Hafnarstjóra fullyrt við laxeldisfyrirtæki sem skoðuðu uppbyggingu á sláturhúsi í Súgandafirði að ekki væri hægt að tryggja nægjanlegt dýpi með dýpkun og hefur líkt því við Landeyjarhöfn.“

**Svar hafnarstjóra:** Þetta er alrangt og þykir mér miður að verða fyrir slíkum ásökunum af hendi bréfitara, ekki síst í ljósi þess fram að þessu höfum við getað átt góðar og vinsamlegar samræður þó svo að við séum ekki alltaf sammála. Ég hefði talið að bréfitari vissi að svona vinn ég ekki og hef aldrei gert, hvorki persónulega eða sem embættismaður.

Aðkoma mín að ráðagerðum eða athugunum á viðlegudýpi við Suðureyrarhöfn hefur ekki verið mikil. Eftir að hafa séð að samningur um landbyggingu var til umræðu í bæjarráði ákvað ég að taka málið upp utan dagskrár á hafnarstjórnarfundum. Þar spurði ég formann hafnarstjórnar, sem einnig er bæjarráðsmaður, um hvað samningurinn um landfyllingu og hafnargerð innan við Brjótinn á Suðureyri snerist. Formaður hafnarstjórnar upplýsti um það sem hann vissi um málið á þeim tíma. Ég áréttaði þá að það væri nauðsynlegt fyrir hafnarstjórn að fá upplýsingar um hvernig væri verið að hugsa um hafnargerð á þessum stað, t.d. hvað varðar viðlegudýpi og lengd hafnarkants, þar sem það tæki langan tíma að koma slíkum verkefnum inn í verkefnaáætlun Samgönguáætlunar ríkisins og Hafnamálasviðs Vegagerðarinnar. Því væri best að hafa eitthvað í höndunum um það með formlegum hætti til að fara af stað með verkefnið sem vanalega er nokkur ár að velkjast í kerfinu áður en það kemst á framkvæmdastig. Ekkert slíkt erindi hefur borist á borð hafnarstjóra eða hafnarstjórnar og verður ekki við okkur sakast í því efni.

Hvað varðar samskipti mín við laxeldisfyrirtæki á svæðinu þá hafa þau verið að frumkvæði fyrirtækjanna og um allt önnur mál en varða þessa fullyrðingu bréfitara um uppbyggingu á Suðureyri. Mig rekur raunar ekki minni til að Suðureyri hafi yfir höfuð borið á góma á þessum fundum.

Að lokum óska ég þess að bréfitari og hans félagar vinni áfram með höfnum Ísafjarðarbæjar að sameiginlegum hagsmunum okkar allra. Það er alveg ljóst að bréfitari og fylgjunautar hafa unnið samfélaginu vel og sýnt mikla og jákvæða samfélagslega ábyrgð, sérstaklega í sínu nærumhverfi. Nagg og nag er engum til framdráttar og vil ég ljúka þessu með orðum góðs vinar míns sem við allir þekkjum: „Því miður á ég ekki fleiri vasaklúta svo að nú er kominn tími til að girða sig í brók og fara að gera eitthvað af viti.“

Ísafirði 19. mars 2021

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri